36 FÖSTUDAGUR 3. MARS 1989.

Andlát
Halldór Guðmundsson skipstjóri,
Kirkjubraut 51, Akranesi, andaðist í
Sjúkrahúsi Akraness þann 1. mars.
Ingileif Kristjánsdóttir, Hringbraut
94, Keflavík, lést aðfaranótt 1. mars.
Jón Indriði Halldórsson, Efstasundi
29, lést á Borgarspítalanum að kvöldi
1. mars.

Jarðarfarir
Ingólfur Þorsteinsson, fyrrv. yfirlög-
regluþjónn, verður jarðsunginn frá
Dómkirkjumú þriðjudaginn 7. mars
kl. 13.30.

Guðni Guðmundsson, Aðalgötu 23,
Súgandafirði, verður jarðsunginn frá
Suðureyrarkirkju laugardaginn 4.
mars kl. 14.00.
Elísabet G. Hálfdánardóttir, ísafirði,
verður jarðsungin frá ísáfjarðarkap-
ellu laugardaginn 4. mars kl. 14.00.
Gunnar Haraldsson, Víðihlíð 1, Sauð-
árkróki verður jarösunginn frá
Sauðárkrókskirkju laugardaginn 4.
mars kl. 14.00.
María Helgadóttir, frá Vatnshóli,
verður jarðsungin frá Krosskirkju,
Austur-Landeyjum. laugardaginn 4.
mars kl. 14.00.
Jón Halldórsson, frá Sellátrum, verð-
ur jarðsunginn frá Eskifjarðarkirkju
í dag, föstudag, kl. 14.00.
Sigtryggur Jónsson verður jarðsung-
inn að Nesi í Aðaldal laugardaginn
:

- \ mars kl. 13.30.

Sigríður Sesselja Sveinsdóttir frá
Viðfirði lést í Fjórðungssjúkrahús-
inu Neskaupstað aðfaranótt 28. fe-
brúar. Jarðarfórin fer fram í Norð-
fjarðarkirkju laugardaginn 4. mars
kl. 14.00.

Tilkyiiriingar
Ný regnfataverslun
opnaði að Laugavegi 21 þann 25. febrúar
. sl. Verslunin er fyrsta sérverslun sinnar
regundar hér á landi og hefur á boðstól-
um regnfatnað fyrir alla aldurshópa.

Ættfræðinámskeið i
Reykjavík og víðar
Ættfræðiþjónustan ráögerir að halda
nokkur ættfræðinámskeið á næstunni,
bæði fyrir byrjendur og lengra komna.
Haldin verða 7 vikna grunnnámskeið í
Reykjavik og helgarnámskeið í bæjarfé-
lögum á landsbyggðinni. Skráning þát-
takenda er hafin hjá Ættfræðiþjón-
ustunni í síma 27101. Auk námskeiða-
halds tekur Ættfræðiþjónustan að sér
rannsóknir á ættum fólks og annast sölu
á ættfræðiritum og hjálpargögnum við
ættrakningu.

Sumaráætlun Sjálfboðaliða-
samtaka um náttúruvemd
er nú komin út. Farnar verða 6 vinnu-

f

ferðir þar sem unnið er að verkefnum
%em stuðla að náttúruvernd. Fyrstá ferð-
. in verður farin í Kerið í Grimsnesi þann
3.-4. júní nk. Heinúlisfang samtakanna
er: Sjálfboðaliðasamtök um náttúru-
vernd, Pósthólf 8468,128 Reykjavík.

Laugardagsganga Hana nú
Vikuleg laugardagsganga Hana nú í
Kópavogj verður á morgun, laugardag-
inn 4. mars. Lagt af stað frá Digranesvegi
12 kl. 10. Birtan eykst og vorið nálgast. Á
góðum laugardegi komum við saman í
molakaffinu og röltum síðan um götur
bæjarins. Laugardagsganga Hana nú er
fyrir alla unga sem aldna sem vilja kynn-
ast skemmtilegum félagsskap.

Átthagasamtök Héraðs-
manna

halda árshátið (Góublót) í Domus Medica
laugardaginn 4. mars nk. Aðgöngumiðar
verða seldir í anddyri Domus Medica í
dag, 4. mars, kl. 17-19.

Neskirkja
Félagsstarf aldraðra
Samverustund verður á morgun, laugar-
dag, kl. 15.00 í safnaðarheimili kirkjunn-
ar. Baldur Jónsson segir frá Grænlands-
ferð og sýndar verða myndir frá starfinu.

Ráðstefnur

Ráðstefna Rannsóknar-

stofu mjólkuriðnaðarins
Á vegum Rannsóknarstofu mjólkuriðn-
aðarins verður haldin ráðstefna dagana
9. og 10. mars nk. á Hótel Sögu. Aðalfyrir-
lesari verður professor dr.med.vet Ole
Aalund frá Konunglega landbúnaðar- og
dýralæknaháskólanum í Kaupmanna-
höfn.

Tapað fundið
Köttur í óskilum
úr Fossvogi
Grár og hvítur heimilisköttur með svarta
rófu tapaðist frá Fossvoginum síðastlið-
inn fimmtudag. Finnandi vinsamlegast
hafi samband í síma 27511, 37302 eða
67314.

Menning

Fundir

Aðalfundur kven-

félags Laugarnessóknar
sem féll niður 6. febrúar sl. vegna óveð-
urs, verður haldinn 6. mars kl. 20 í Safn-
aðarheimilinu. Venjulegaðalfundarstörf.
Einnig verður rætt um heimsókn til
kvenfélags Langholtskirkju.

Hádegisverðarfundur presta
veröur haldinn í safnaðarheimili Bú-
staðakirkju mánudaginn 6. mars n.k.

Félagsfundur Safnaðar-
félags Ásprestakalls
verður haldinn þriðjudaginn 7. mars nk.
í félagsheimilinu. Fundarefni: spiiaö
verður páskaeggjabingó og fleira. Allir
velkomnir.

Ferðalög
Ferðafélag Islands
Dagsferðir sunnudaginn 5. mars:
1. Kl. 10.30. Litla kaffistofan - Marar-
dalur - Þingvallavegur. Gengið á skið-
um í um 5 klst. Góð æfing fyrir páskaferð-
irnar. Verð kr. 600.
2. Kl. 13. Öxarárfoss í klakaböndum.
Ekið a6 Almannagjá og gengið eftir henni
að Öxarárfqssi. Nú er rétti timinn til þess
að skoða Öxarárfoss í vetrarbúningi.
Missið ekki af þessari ferð. Verð kr. 800.
3. Kl. 13. Skiðaganga á Mosfellsheiði.
Létt gönguferð við allra hæfi. Verð kr.
600. Brottfbr frá Umferðarmiðstöðinni,
austanmegin. Farmiðar við bíl. Frítt fyrir
börn í fylgd fullorðinna.

Útivistarferðir
Sunnudagsferðir 5. mars.
Kl. 10.30. Gullfoss í klakaböndum-
Geysir. Nú er GuUfoss í fallegri klaka-
brynju. Aðeins þessi eina ferð. Einnig
farið að sprengigígnum Keri, fossinum
Faxa, Brúarhlöðum og Geysissvæðið
skoðað. Verð 1.400 kr.
Kl. 13. Landnámsgangan, 6. ferð.
Saltvík - Kléberg. Létt strandganga frá
Saltvik um Brimnes, Hofsvik að Klébergi

Smáauglýsing
í Helgarblað
þarf að berast
fyrir kl. 17
föstudag!!!

27022

Stund hef ndarinnar

Ógurlega er veturinn orðinn lang-
ur og leiðinlegur. Ég þori samt að
veðja að hann er ekki nærri búinn.
Það langversta er eftir. Hláka kem-
ur ekki næstu vikurnar. Snjórinn
mjatlast þetta í burtu í sólbráðinni
í aprílhörkunum. í wimderschönen
Monat maí verða þurrir kuldar en
mikil sól. Heimskautafílingur. í
júní taka við suðvestanrosarnir.
Eins og fyrri daginn. Svo mígandi
rigningar og allir mígandi fullir af
bjór fram á haust. Þá kemur heims-.
endir. Ef þessi veðurspá stenst ekki
þá stenst bara andskotann ekkert
á þessum óstöndugu tímum.

En menn voru að reyna að búa
til dálítinn sumardraum á sinfó-
níutónleikunum í gærkvöldi með
því að spila pastoralsinfóníu Beet-
hovens. Stjórnandi var Aldo Cec-
cato frá ítalíu. En sumarið kom
samt ekki. Flutningur þessa dýr-
lega verks (já já, dýrlegt er það en
ekki dýrslegt eins og einhver les-'
andi um daginn vildi meina að orð-

Tónlist

Sigurður Þór Guðjónsson

ið þýddi og hringdi ævareiður í mig
til að láta mig vita það) rann alveg
út í sandinn. Það var engin sól í
músíkinni. Enginn ylur, engin lý-
rík, engin fegurð. Og enginn storm-
ur. Bara spilirí.
Sömu sögu er að segja um La
valse eftir Ravel. Einhver sagði
mér að hann hefði verið skrýtinn
kall. Það sem honum fannst mest
gaman, fyrir utan það að kompón-
era og hommast, hafi verið að leika
sér að leikföngum en þau átti hann
víst í tonnatali í stofunni heima hjá
sér. Einu sinni þegar Stravinsky
heimsótti hann fóru þeir saman í
bílaleik snillingarnir.
Brrrrrrrrrrrrrr! Aeeeejjj!!
Krrkkrr!!!! En það var enginn drif-

kraftur í valsinum hans Ravels
núna og enginn stfll.
Svo var flutt kansóna eftir norska
tónskáldið Arne Nordheim. Hann
tók forðum daga við tónskálda-
verðlaunum Norðurlandaráðs hér
í Reykjavík. í flugvélinrii á leiðinni
heim fóru tvær íslenskar fyilibytt-
ur að faðma hann og óska honum
óskaplega til hamingju. Og tón-
skáldið varð yfir sig glatt að tvær
fyllibyttur á Islandi skyldu þekkja
sig og faðma sig óskaplega til ham-
ingju. En svo ældu þær upp í hann.
Þá tók kompónistinn ógleði mikla
og hugsaði grautfúll: Þetta skulið
þið fá borgað, helvitis íslensku fyll-
ibytturnar ykkar. Og nú var dísæt
stund hefndarinnar upprunnin.
Kansóna eftir Arne Nordheim.
Stjórnandi signor Cecconi.
Það voru niðurbrotnar íslenskar
bjórfylhbyttur sem skjögruðu út í
snjóinn og frostið í gærkvöldi. Og
aldrei kemur vor í dal. Aldrei.
Sigurður Þór Guðjónsson •

Þá riðu hetjur um héruð

Myndverk Kjartans Ólasonar að
Kjarvalsstöðum eru óneitanlega
herjusamlegri en flest annað sem
hér er sýnt undir merkjum mynd-
listar.

Hér á ég ekki einasta við umfang
þessara verka, sem eru stór um
sig, mikflfengleg ásýndar og aug-
ljóslega ávöxtur mikillar vinnu,
heldur vísa ég til meðvitaðrar notk-
unar listamannsins á þeim ímynd-
um hetjuskapar sem fylgt hafa
vestrænni menningu allt frá gull-
öld Grikkja til nasistatímabflsins.
í myndum hans mæta örlögum
sínum stæltir og hugumstórir
garpar, annaðhvort einir saman
eða með fákum sínum sem einnig
eru eöalbornir, eins og Sleipnir,
hestur Óðins, eða Búsefalos, stríðs-
hestur Alexanders mikla.

En Kjartan virðist hafa annað og
meira að markmiði en að vekja upp
einhvers slags hetjumóral - slíkir
uppvakningar hafa ekki orðið sið-
menningunni tfl framdráttar, sjá
list fasismans, nasismans og stalín-
ismans.

Tilfinningalegur visdómur
Af samhenginu má ráða að ætl-
unarverk listamannsins sé fyrst og
síðast að virkja hugmyndaafl goð-
sagnanna og gera það aftur að afl-
vaka í samfélagi þeirra sem fást við
að brjóta til mergjar tilveruna,
hvort sem er í heimspeki eða list-
um.

Það er einmitt skoðun margra
spekinga að í goðsögnunum sé að
finna „tflfinningalegan vísdóm"
mannkyns og að firring sú sem
nútimamaðurinn upplifir sé ekki
síst að kenna því að hann sé kom-
inn úr tengslum við goðsagnirnar.

í verkum Kjartans er hin hefllega
veraldarsýn goðsagnanna, sem lík-
amnast í hetjunum, notuð sem
nokkurs konar mótvægi eða andlag
við brotakennda tflveru nútíma-
mannsins sem tjáð er með tflvísun-
um í óheftan expressjónisma eða
slettutækni gamalla afstraktmál-

Aðalsteinn Ingólfsson

En Kjartan virðist hafa annað og
meira í huga en að setja upp svo
einfaldar andstæður.
í meðförum hans fær hin hetju-
lega ímynd stundum á sig
ómennskt, allt að því vélrænt svip-
mót, sjá hið fútúríska vélmenni í
„Doctus poeta" eða hörkulega and-
iitsdrætti mannsins í „Fylgjur"
(sem er nánast tvífari Eicnmanns),
um leið og marglitur óskapnaður-
inn (Kaos) einn virðist þess megn-
ugur að varðveita lífshræringuna,
forsendur sköpunarinnar.

Hugtök sem orkulindir
Þriðja túlkunarmöguleika þess-
ara mynda er að finna í hugtökum
eða frösum sem stækkuð eru upp
og notuð tfl myndbygginga tfl að
tengja saman eða aðgreina hina
ólíku reiti.
Flest hugtökin eru úr latínu eða
grísku, dauðum og þar með hlut-
lausum málum, og eru í senn svo
óhlutstæð og víðtæk að þau virka

Kjartan Ólason - Homo homini
lupus, 1988.

sem sérstök vídd, eða orkulindir,
innan hverrar myndheildar.
í bestu verkum Kjartans á sér
stað stöðug og lífleg togstreita mflli
þeirra merkingarsviða sem hann
drepur á, togstreita sem áhorfand-
inn skynjar með huga fremur en
hjarta.
Ef tfl vfll gerir þessi stórhuga
ungi listamaður sig ánægðan meö
þau viðbrögð.
Ekki væri síðra ef einhverjir pp-
inberir aðflar sæju sér fært að festa
sér verk eftir Kjartan Ólason og
gerðu honum þannig kleift að halda
áfram að vinna í sama dúr.

á Kjalarnesi. Söguslóðir og merk nátt-
úrufyrirbæri. Verið með í þessari
skemmtilegu ferðasyrpu en ætlunin er
að ganga á mörkum landnáms Ingólfs í
21 ferð. Safnið ferðum. Viðurkenning
veitt fyrir góða þátttöku. Verð 800 kr.

Kl. 13. Skíðaganga austan Grímmanns-
fells. Gengið í áttina að Borgarhólum á
Mosfellsheiði. Verð 600 kr. Frítt i ferðirn-
ar fyrir börn með fullorðnum. Brottfór
frá BSÍ, bensínsölu.
Ný helgarferð á skíðum 11.-12. mars:
Bláfjöll-Krísuvík. Gist í mjög góðum
skála við Kleifarvatn. Munið páskaferð-
irnar í Þórsmörk, á Snæfellsnes - Snæ-
fellsjökul og gönguskíðaferð. Uppl. á

skrifst., Grófinni 1, símar 14606 og 23732.
Myndakvöld Útivistar verðir í Fóst-
bra^ðraheimilinu fimmtud. 9. mars kl.
20.30.

Fyrirlestrar
Platón og skáldskapur
Laugardaginn 4. mars nk. mun Eyjólfur
Kjalar Emilsson halda fyrirlestur er
hann nefnir „Hvað hafði Platón eiginlega
á móti skáldskap?" Fyrirlesturinn verður
haldinn í stofu 101 í Odda, Háskóla ís-
lands, og hefst kl. 14.00.

Námskeið

Námskeið um nýjungar í
matvæla-og efnaiðnaði
Endurmenntunarnefnd Háskóla íslands
mun standa fyrir námskeiði um líftækni-
legar nýjungar í matvæla- og efnaiðnaði
þann 10. mars nk. Námskeiðið er opið
öllum sem tengjast matvæla- og efnaiðn-
aði en er einkum ætlað þeim er starfa
að rannsóknum og vöruþróun á því sviði.
Nánari upplýsingar veitir endurmennt-
unarstjóri í símum 694925, 694923 og
694924.